

Mánudaginn 2. febrúar 1981.

Nr. 212/1980. **Björn Pétursson h/f**
 gegn
Hákoni Árnasyni hrl.
f. h. fyrirtækisins Marc Aurel.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Björn Pétursson h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Hákoni Árnasyni hrl. f. h. fyrirtækisins Marc Aurel, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1981.

Nr. 178/1979. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Jóni Helga Bjarnasyni
 (Árni Grétar Finnsson hrl.).

Fjádráttur. Þjófnaður. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógeta í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi í máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, og er krafist þyngingar refsingarinnar af hálfu ákæruvalds.

Mál þetta var höfðað gegn ákærða með fjórum ákæruskjölum.

Verður hér á eftir vikið að þeim í sömu röð og gert er í héraðsdómi.

I. Ákæra 20. júlí 1976.

Samkvæmt ákæruskjali þessu er ákærða gefið að sök:

1. Að „hafa seint í desembermánuði 1975 selt 10 bækur, sem ákærði fékk að láni hjá Herði Berg Hlöðverssyni, Holts götu 31 í Reykjavík, og hagnýtt sér andvirði þeirra“.

2. Að „hafa 7. janúar 1976 slegið eign sinni á aðrar fimm bækur á heimili fyrrnefnds Harðar Bergs“.

Er fyrri brotið talið varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hið síðara við 244. gr. þeirra laga.

Með eigin framburði ákærða er sannað, svo sem í héraðsdómi getur, að hann hefur framið brot þessi. Varða þau við hegningarlagaákvæði þau, sem að framan greinir.

II. Ákæra 19. nóvember 1975.

Með þessu ákæruskjali er opinbert mál höfðað á hendur ákærða fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga „með því að hafa þriðjudagskvöldið 4. febrúar 1974 stolið vasareiknivél frá Karli Kristjánssyni, þar sem ákærði var staddur á heimili Karls að Snorrabraut 81 í Reykjavík.“

Í ákæruskjali hefur ártal misritast 1974 í stað 1975. Var málið flutt með hliðsjón af þessu, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur játað að hafa framið brot þetta, og eru málsatvik rakin í héraðsdómi. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákæra 15. nóvember 1976.

Ákærða er hér „gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 6. maí 1976 slegið eign sinni á allt að 17 hljómplötur

og tvær bækur í húsinu nr. 3 við Pósthússtræti, þar sem ákærði var gestkomandi.“ Er brotið talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæruskjali þessu hefur misritast húsnúmer 3 í stað 13. Var málið flutt með hliðsjón af þessu, shr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði hefur viðurkennt verknað þennan, og eru málsatvik rakin í hinum áfrýjaða dómi. Varðar brotið við nefnda grein almennra hegningarlaga.

IV. Ákæra 29. nóvember 1976.

Samkvæmt ákæruskjali þessu er opinbert mál höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka þriðjudaginn 27. júlí 1976 ofurölvi bifreiðinni Y 4978 frá Kirkjustræti í Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar, uns lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Arnarneshálsi.

Telst þetta varða við 2. mgr., shr. 4. mgr. 25. gr., shr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, shr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., shr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.“

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum máls, sem að er vikið í hinum áfrýjaða dómi, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er hér gefin að sök. Er brot þetta réttilega heimfært til lagaákvæða í héraðsdómi.

Í öllum framangreindum ákæruskjölum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafist í síðastgreindu ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 19. apríl 1975, var ákærði dæmdur í fangelsi 3 mánuði fyrir þjófnað, framinn 15. september 1973, og fyrir að aka bifreið hinn 13. maí 1974 með áhrifum áfengis. Var refsing skilorðsbundin í 3 ár frá uppsögu dómsins að telja. Með brotum þeim, er getur undir I, II og III hér að framan hefur ákærði rofið skilorðið. Verður honum því dæmd refsing í einu lagi fyrir brot þau, er dómur 19. apríl 1975 fjallar um, og brot þau, sem

honum eru gefin að sök í máli þessu, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Brot það, sem greinir undir II að framan, er framið 4. febrúar 1975, áður en framangreindur dómur 19. apríl 1975 var kveðinn upp. Hefsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 244. gr. og 247. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga og með hliðsjón af 77. gr., 78. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir mega staðfesta ákvörðun hins áfrýjaða dóms um ákvörðun refsingar ákærða.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða.

Viggó Guðmundsson hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 2.000 krónur (gkr.), eins og um getur í héraðsdómi. Kröfu þessarar, sem ekki var borin undir ákærða fyrir dómi, er ekki getið í ákæruskjali. Verður því ekki dæmt um hana í þessu máli, og ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því leyti.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 1.800.00 krónur (nýkr.).

Höndum hefur verið kastað til rannsóknar máls þessa, og vítaverður dráttur hefur orðið á rekstri þess.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Jóns Helga Bjarnasonar, ökuleyfissviptingu hans og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákvæði héraðsdóms um framangreindar skaðabætur á að vera ómerkt.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur,

og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 6. október 1977.

Árið 1977, fimmtudaginn 6. október, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1129/1976: Ákærvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Jóni Helga Bjarnasyni verkamanni, Háukinn 5, Hafnarfirði, fyrir eftirtalin refsilagabrot:

I.

Að hafa seint í desembermánuði 1975 selt 10 bækur, sem ákærði fékk að láni hjá Herði Berg Hlöðverssyni, Holtsgötu 31, Reykjavík, og hagnýtt sér andvirði þeirra.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

1. Að hafa 7. janúar 1976 slegið eign sinni á aðrar fimm bækur á heimili fyrrnefnds Harðar Bergs.

2. Að hafa þriðjudagskvöldið 4. febrúar 1975 stolið vasareiknivél frá Karli Kristjánssyni, þar sem ákærði var staddur á heimili Karls að Snorrabraut 81 í Reykjavík.

3. Að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 6. maí 1976 slegið eign sinni á allt að 17 hljómplötur og tvær bækur í húsinu nr. 3 við Pósthússtræti, þar sem ákærði var gestkomandi.

Teljast verknaðir þessir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Að aka þriðjudaginn 27. júlí 1976 ofurölvi bifreiðinni Y 4978 frá Kirkjustræti í Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar, uns lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Arnarneshálsi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

IV.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar svo og til ökuleyfis-sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 16. janúar 1951 á Akureyri, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1969 29/9 í Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.
- 1972 4/1 í Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.
- 1975 19/4 í Hafnarfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.
- 1975 19/4 í Hafnarfirði: Dómur: Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.
- 1975 4/5 í Hafnarfirði: Sátt: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins eru málsatvik þessi:

I. Fjádráttur.

Rétt fyrir jólin 1975 kom ákærði heim til Harðar Bergs Hlökkverssonar að Holtsgötu 31, Reykjavík, og falaðist eftir bókum úr bókasafni hans, og kvað Hörður hann hafa tjáð sér, að hann hefði ætlað að lána þær sjúkling á geðdeild Borgarspítalans. Hörður Berg lánaði honum 10 bækur, voru það dýrustu bækur hans.

Hörður kvað ákærða ekki áður hafa komið inn á heimili hans, en þeir hefðu þó þekkt um tveggja ára skeið. Ákærði kvað þá hafa verið við vándrykkju á heimili Harðar þennan dag frá hádegisbili. Er líða tók á daginn, hafi þeir orðið vínlausir og þá tekið að ráðgera að verða sér úti um meira vín, en báðir hafi þeir verið peningalausir. Þá hefði ákærði rætt um það við Hörð

að fá lánaðar hjá honum bækur, og kvað ákærði strax hafa verið um það rétt, að hann mundi setja þær að veði fyrir peningaláni. Ákærði kvaðst hafa fengið 12—15 bækur hjá Herði og farið með þær í Bókina á Skólavörðustíg og viljað setja þær að veði gegn peningaláni, en starfsmenn verslunarinnar hafi ekki viljað fallast á það, en boðist til að kaupa bækurnar og hann gæti svo fengið þær borgaðar næsta dag, en þá var útborgunardagur hjá ákærða. Þetta hefði hann gert og fengið um 8.000 kr. fyrir bækurnar, sem hann hafi notað til áfengiskaupa og greiðslu á veitingum á Hótel Borg og veitingastaðnum Óðali og Hörður og notið þess.

Hann kvaðst svo daginn eftir hafa ætlað að leysa út bækurnar, en þá hefði verið komið mikið hærra verð á þær, sem þá voru þar ennþá, en sumar töldu afgreiðslumennirnir vera seldar. Þá mundi ákærði ekki nöfn bókanna, svo ekki var unnt að finna þær eftir bókatitlum, enda höfðu afgreiðslumennirnir ekki reiknað með, að ákærði kæmi aftur.

Nokkru eftir áramót komst Hörður að því, að ákærði hafði selt bækurnar, sem hann lánaði honum. Ekki eru fram komin nöfn eða verðmæti bókanna nema um eina, Pétur mikla, í brúnu bandi.

Ljóst er, að ákærði fékk greindar bækur að láni og seldi síðan án heimildar og hagnýtti sér andvirði þeirra. Með verknaði þessum hefur ákærði gerst brotlegur við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaður.

1. Nokkrum dögum eftir verknað þann, sem lýst er í lið I, eða 7. janúar 1975, kom ákærði aftur á heimili þar greinds Harðar Bergs, og kvað hann Hörð þá hafa verið þar við drykkju. Eftir að hafa dvalið þar nokkra stund, ætlaði ákærði heim, en komst þá að raun um, að hann var peningalaus, átti ekki einu sinni fyrir strætisvagnafargjaldi heim. Tók ákærði þá 5 bækur úr bókasafni Harðar án leyfis og seldi þær í versluninni Bókinni við Skólavörðustíg fyrir kr. 2.500, og eyddi hann peningum þessum í bíóferðir, vindlinga o. fl. Ekki er upplýst, hvaða bækur þetta voru, en ein þeirra var „Púsund og ein nótt“, í bláu bandi.

2. Þriðjudagskvöldið 4. febrúar 1975 kom ákærði á heimili Karls Kristjánssonar að Snorrabraut 81, sem hann þekkti. Ákærði var þá mikið ölvaður. Meðan hann dvaldi hjá Karli, sá hann þar í íbúð Karls vasareiknivél, sem hann stakk á sig. Nokkru síðar

ók Karl honum að samkomuhúsinu Þórscafé, þar sem hann fór inn. Þar bauð hann vasareiknivélina til kaups dyravörðum o. fl. Hann gaf út, að hann væri sölumaður hjá Heimilistækjum s/f, og seldi hana svo Viggó Guðmundssyni leigubifreiðarstjóra, Gyðufelli 14, Reykjavík, sem þar var, fyrir krónur 3.000, sem Viggó greiddi með krónum 1.400 í peningum, 1.000 kr. í tékka, og kr. 600 var gömul ökugjaldsskuld ákærða til hans, sem gekk upp í kaupin. Þetta sama kvöld hafði Karl uppgötvað, að vasareiknivélin var horfin af heimili hans, en hann var nýbúinn að kaupa hana fyrir kr. 8.000. Greindi hann konu sinni, Þóru Benediktsdóttur, frá þessu, er hún kom heim seint um kvöldið, og jafnframt, að hann grunaði ákærða um að hafa tekið hana. Hún brá við skjótt og fór þegar í samkomuhúsið Þórscafé og hafði upp á ákærða, sem þá viðurkenndi í viðurvist lögreglu að hafa tekið reiknivélina og gaf upp, hverjum hann hefði selt hana. Var náð í kaupandann og vélin af honum tekin og fengin í hendur konunni. Þá hafði ákærði eytt þeim peningum, sem hann fékk fyrir vélina, en skilað tékkávísuninni að upphæð kr. 1.000.

3. Aðfaranótt fimmtudagsins 6. maí 1976 hafði ákærði verið á ferð í miðborg Reykjavíkur eftir áfengisneyslu að Hótel Borg þá fyrr um kvöldið. Hann sá þá ljós í glugga hjá Ómari Aðalsteinssyni, Pósthússtræti 13, Reykjavík, sem hann kvaðst hafa þekkt í 2 ár. Hann bankaði upp á hjá Ómari, og mun þá klukkan hafa verið um 0200 að nóttu, og kvað Ómar hann hafa vakið sig, en ákærði kvað þar hafa verið fleira fólk og hann sameinast hópn-um og verið þá nokkuð undir áhrifum áfengis. Hann hefði verið peningalítill og kvaðst hafa lánað einum gesta þarna þá peninga, sem hann var með, og þá verið þannig settur, að hann átti ekki fyrir fargjaldinu heim. Hann leitaði þá eftir því að fá að sofa þarna um nóttina, svo sem oft áður, og fékk að sofa í stofunni, og kvaðst Ómar hafa þvertekið fyrir það í fyrstu að leyfa ákærða að vera, en það svo orðið úr, að hann hafi leyft honum að sofa í stofunni. Er ákærði vaknaði morguninn eftir, kvað hann alla hafa verið farna úr íbúðinni og hann þá tekið 17 hljómplötur og 2 bækur eftir Þórberg Þórðarson, sem legið hefðu á hillu í stofunni. Setti hann muni þessa í plastpoka og fór með þá í Safnbúðina á Laufásvegi og seldi fyrir kr. 8.500. Peninga þessa notaði hann svo til greiðslu fyrir áfengi og aðrar veitingar að Hótel Borg þennan sama dag og svo til að greiða fargjaldið heim. Ómar hafði komið í stofuna kl. 0930 um morguninn, og var þá ákærði farinn. Hann hafði þó ekki aðgætt fyrr en um kvöldið, hvort allt

var með felldu í íbúðinni, og þá kom í ljós, að bækurnar og hljómplöturnar voru horfnar. Bækurnar voru Ofvitinn og Íslenzkur aðall eftir Þórberg Þórðarson, en hljómplöturnar Brahm (sic), greatest hits, At home at the palace, Judy Garland, The hits of Judy Garland, The best (sic) of Joan Baez, Bonansa Country and Western, River-Terry Reed, Music-Carol King, True stories-Judy Collings, Hits of '69, Paint your Wagon, Space Odyssey, Án þín — Hörður Torfason, Rigoletto, operan, Coppelia-ballett og svo 3 hljómplötur, sem vinkona Ómars átti.

Ómar kvaðst ekki gera neinar fjárkröfur á hendur Jóni, ákærða í máli þessu.

Ákærði er sannur að sök um að hafa tekið ófrjálsri hendi muni þá, sem greindir eru í lið 1—3 hér að framan, og hagnýtt sér þá. Með þessum verknuðum hefur hann gerst sekur um brot á 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ölvunarakstur.

Priðjudaginn 27. júlí 1976, kl. 0155, var ákærði af lögreglunni í Kópavogi stöðvaður í akstri bifreiðarinnar Y 4978 á Hafnarfjarðarvegi skammt sunnan Arnarneshæðar. Bifreiðinni hafði verið ekið mjög hægt og rásaði á veginum. Ákærði var bersýnilega ölvaður og var færður á lögreglustöðina í Kópavogi, þar sem tekin var af honum varðstjóráskýrsla, en hann svo fluttur á slysa-deild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhól-ákvörðunar.

Í varðstjóráskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit rjótt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu rauð, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Í hægra framsæti bifreiðarinnar sat maður, sem var ofurölvi og gat ekki gert grein fyrir sér, en síðar kom í ljós, að var Emil Guðmundsson, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, og reyndist vera eigandi bifreiðarinnar.

Ákærði hefur lýst atvikum hér fyrir dómi.

Mánudagskvöldið 26. júlí 1976 hafði hann verið að Hótel Borg og þar fengið sér eitt glas af Campari, síðar hitti hann svo Emil Guðmundsson, gefið honum í eitt glas. Eftir áfengisneyslu þessa hafði hann farið með Emil og manni að nafni Þorbjörn Aðalsteinsson út í bifreið, sem Emil hafði umráð yfir, og ekið henni, þ. e. Y 4978, fyrir Emil frá Kirkjustræti að Umferðarmiðstöðinni

og þaðan að Skólavörðustíg, þar sem Þorbjörn fór úr bifreiðinni, en svo ók ákærði henni áleiðis til Hafnarfjarðar, uns aksturinn var stöðvaður á Arnarnesinu. Hann hafði fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en eigi neytt þess við aksturinn né að honum loknum.

Skýrslur voru af lögreglu teknar af Emil Guðmundssyni og Þorbirni Aðalbjörnssyni, Skólavörðustíg 24 A, Reykjavík, og voru þær í megindráttum í samræmi við framburð ákærða.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í greint sinn, mældust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 2.37‰ alkóhóls.

Með framburði ákærða, skýrslu lögreglunnar og niðurstöðum alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði ók bifreiðinni í greint sinn undir áhrifum áfengis frá Kirkjustræti að Umferðarmiðstöðinni og svo að Skólavörðustíg 24 A og svo þaðan að Arnarnesi, Garðabæ.

Með atferli þessu hefur ákærði gerst sekur um brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

IV. Refsingar o. fl.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar, uppkveðnum 19. apríl 1975, var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 3 ár. Með verknuðum þeim, sem lýst er í lið I og II, 1. og 3. lið, hefur ákærði rofið skilorðið samkvæmt dóminum, og verður því nú samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga dæmt í einu lagi refsing fyrir þar greind brot og brot þau, sem fjallað er um í máli þessu.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 244. gr. og 247. gr. almennra hegningarlaga, 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga svo og með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin í heild fangelsi 7 mánuði.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 9. september 1976, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með úrskurði lögreglustjórans í Hafnarfirði.

Viggó Guðmundsson leigubifreiðarstjóri, Gyðufelli 14, Reykjavík, hefur gert kröfu til, að ákærði greiði honum kr. 2.000 sem endurgreiðslu á peningum, sem hann greiddi ákærða fyrir hina stolnu reiknivél, kr. 1.400 og kr. 600 gömul ökugjaldsskuld.

Ákærði hefur fallist á kröfu þessa, og þykir mega taka hana til greina.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði skal frá 9. september 1976 að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði Viggó Guðmundssyni, Gyðufelli 14, Reykjavík, kr. 2.000.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1981.

Nr. 161/1980. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Helga Bjarnasyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Fjársvik. Þjófnaður. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjað er tveim dómum, öðrum uppkveðnum í sakadómi Reykjavíkur 18. febrúar 1980, en hinum uppkveðnum í sakadómi Hafnarfjarðar 13. mars s. á. Þann dóm kvað upp Guðmundur L. Jóhannesson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði. Brot þau, er síðari dómurinn fjallar um, eru framin, áður en dómur í fyrra málinu var kveðinn upp. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.